

# Fundargerð

7. fundur í fræðslu- og menningarnefnd, 5.febrúar 2007 settur kl. 17:05.

Mætt eru. Guðni Hauksson, Drífa Aradóttir, Hilma Steinarsdóttir, Rósa Magnúsdóttir, María Guðmundsdóttir, Sigríður Ósk Indriðadóttir, Helgi V. Tryggvason, Arnar Einarsson og Sigurður Ragnar Kristinsson.

## 1. Mál. Nýr formaður.

Nýr formaður bauð alla velkomna og kynnti breytingar á nefndinni sem eru svohljóðandi: Guðni Hauksson er formaður og Sigurður Jóhannes Jónsson er varaformaður. Ritari var kosinn Sigurður Ragnar Kristinsson.

## 2. Mál. Erindisbréf.

Formaður kynnti erindisbréf skólanefndar. Óskað er eftir því að sveitarstjórn semji erindisbréf fyrir nefndina bæði vegna grunnskóla og leikskóla, jafnvel menningarmála líka.

## 3. Mál. Skýrsla skólastjóra.

*Arnar Einarsson:*

Fram kom hjá Arnari að miðannarprófin væru að hefjast og framkvæmdir væru hafnar við sérkennslustofu.

*María Guðmundsdóttir:*

María sagði frá fyrirlestri í Sjónarhóli sem hún sækir í vikunni og góðum gangi í skólastarfi á Bakkafirði. Sundkennsla fyrir börn á Bakkafirði hófst síðastliðinn miðvikudag.

## 4. Mál. Skýrsla Leikskólastjóra.

*Rósa Magnúsdóttir:*

Rósa sagði frá skólastjórafundum í Lundi í liðinni viku sem allir skólastjórar Langanesbyggðar sóttu.

## 5. Mál. Skólahúsnaði á Þórshöfn, viðhald og möguleg stækkun.

Fræðslunefnd beinir því til sveitarstjórnar að fylgja eftir hugmyndum um stækkun Grunnskólans á Þórshöfn. og nýta m.a. ytra mat í þeim tilgangi. Jafnframt fer nefndin fram á að viðhald skólamannvirkja verði stórlega aukið í ljósi rýmri fjárhags sveitarfélagsins.

## 6. Mál. Samstarf við foreldrafélög/ ráð grunnskólanna.

Efni frá Heimili og skóla kynnt og ákveðið að taka það fyrir síðar.

### **7. Mál. SOS námskeið.**

Ákveðið að Arnar og María kynni sér málið nánar og leggi niðurstöður sínar fyrir næsta fund.

### **8. Mál. Ytra mat.**

Ákvörðun sveitarstjórnar um að láta vinna ytra mat á starfsemi grunnskólanna kynnt.

### **9.Mál. Innsent erindi vegna nemenda í Grunnskólanum á Þórshöfn.**

Afgreiðsla málsins færð í trúnaðarmálabók.

### **10.Mál. Önnur Mál.**

Hilma sagði frá málefnum bókasafnsins á Bakkafirði sem eru í vinnslu.

Dagskrá tæmd, fundargerð lesin upp og samþykkt.

Sigurður Ragnar Kristinsson, ritari.